

Til allsherjarnefndar,
frá skrifstofustjóra Alþingis.

Alþingi
Erindi nr. P 135/1588
komudagur 25.2.2008

ÖRSTUTT ÁGRIP
af skipulagi aðstoðarmanna þingmanna
á Norðurlöndum.
(25. febr. 2008.)

Finnland:

Skrifstofur þingflokka hafa starfsmenn, allt frá 2 upp í 12. Þar að auki eiga þingmenn rétt á að ráða sér aðstoðarmann (laun 2.000 evrur á mánuði) og gera það um 150 þingmenn (af 200). Umsýsla er í höndum skrifstofu þingsins. Þeir 50 þingmenn, sem ekki hafa aðstoðarmenn, mega verja jafnhárri upphæð í sérfræðiaðstoð af ýmsu tagi. Aðstoðarmenn hafa aðstöðu í þinginu. Aðstoðarmenn eru ekki í kjördæmum.

Fyrirkomulag þetta hefur sætt gagnrýni; m.a. síðustu daga (misnotkun).

Danmörk:

Skrifstofur þingflokka hafa nokkra starfsmenn. Þar að auki fá þingflokkanir fé sem svarar til þess að hver þingmaður geti ráðið sér starfsmann. Framlaginu er þó skipt þannig að aðeins helmingur upphæðarinnar er eyrnamerkur hverjum þingmanni en helmingurinn hennar er að formi til í höndum þingflokksins. Meginreglan er hins vegar sú að þeir þingmenn, sem þess óska, hafa aðstoðarmann í fullu starfi; aðstaða nokkurra er þannig að ekki er þörf á því og nýtir þingflokkurinn þá fjármunina til annars. Starfsmennirnir hafa aðstöðu í þinghúsinu (og m.a.s. nokkrir sjálfboðaliðar líka). Aðstoðarmenn eru ekki í kjördæmum.

Svíþjóð:

Skrifstofur þingflokka hafa nokkra starfsmenn (sérfræðinga). Aðstoðarmenn vinna á skrifstofum þingflokka og eru ráðnir af þeim; þeir eru ekki sérstaklega bundnir einstökum þingmönnum en meginviðmið er þó að framlag nægi til að ráða aðstoðarmann fyrir hvern þingmann (48.800 sænskar krónur á mánuði). Minni flokkar fá þó sérstakan auka-styrk. Aðstoðarmenn vinna ekki í kjördæmunum.

Fyrirkomulag aðstoðar við þingflokka er til endurskoðunar í Svíþjóð um þessar mundir.

Noregur:

Skrifstofur þingflokka hafa nokkra starfsmenn. Þar að auki leggur Stórþingið þingflokkanum til fé sem svarar til þess að þeir geti ráðið einn aðstoðarmann fyrir hvern þingmann. Aðstoðarmennirnir eru þó ekki bundnir neinum sérstökum þingmanni; fremur að þeir sérhæfi sig í verkefnum hversrar nefndar og vinni því með þingmönnum flokksins á þeim vettvangi. Aðstoðarmennirnir hafa skrifstofur í þinginu og vinna ekki í kjördæmum.

Minni flokkum eru ætlaðir hlutfallslega meiri fjármunir en hinum stærri; sömuleiðis hafa stjórarandstöðuflokkar meiri fjármuni að tiltölu en stjórnarflokkar.